

Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sleipnis.

Ársskýrsla veturinn 2018- 2019



Æskulýðsstarfið.....	3
Æskulýðsnefnd Sleipnis 2019.....	3
Vetrarstarfið.	4
Reiðnámskeið.	4
Almenna námskeiðið.	4
Keppnisnámskeiðið.....	4
Mót.	5
Æska Suðurlands.....	6
Hestafjör.	7
1.maí á Selfossi.	8
Vorhátíð.....	9
Óvissuferð.....	10
Sameiginlegur fjölskyldureiðtúr Sleipnis.....	11
17. júní.	12
Styrkur Jötunvéla.	13
Uppskeruhátíð.	14
Að lokum.....	14

Æskulýðsstarfið.

Hestamannafélagið Sleipnir var stofnað 9. Júní 1929 og fagnar því 90 ára afmæli í ár. Sleipnir er fjölmennt hestamannafélag, þar sem gleði og samheldni ræður ríkjum og hefur æskulýðsstarf þess ætíð verið nokkuð virkt. Í Sleipni eru krakkar frá Selfossi og úr nærsveitum.

Markmið æskulýðsnefndarinnar er að vinna að öfluggu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi, sem tekur á sem víðastann hátt á öllu því sem hestamennskan hefur upp á að bjóða. Reynt er að ná til bæði þeirra sem vilja iðka hestamennskuna sem keppnisíþrótt og einnig sem félagsstarf og áhugamál. Með því að bjóða upp á sem fjölbreyttast starf erum við bæði að reyna að stuðla að nýliðun meðal ungu knapanna okkar og eins að halda í þá sem komnir eru upp í unglinga- og ungmennaflokk.

Í vetur var margt í boði og skemmtilegir viðburðir skipulagðir yfir veturinn fyrir börn og unglinga og gaman var að sjá hversu þátttaka var góð í öllum sem boðið var upp á og hversu áhugasama þátttakendur við eigum.

Veturinn 2018-2019 var viðburðarríkur og skemmtilegur hjá Sleipniskrökkum og verður hér farið yfir helstu viðburði á vegum æskulýðsnefndarinnar þetta árið.

Æskulýðsnefnd Sleipnis 2019.

Æskulýðsnefnd Sleipnis 2019 er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Guðrún Linda Björgvinsdóttir, formaður

Guðrún Lovísa Ólafsdóttir

Tone Marit Torgeirsdóttir Lien

Valborg Tryggvadóttir

Ragnhildur Loftsdóttir

Þórdís Sigurðardóttir

Bianca Elísabet Treffer

Hafdís Bjarnadóttir.

Anna Björg Nielsdóttir er tengiliður æskulýðsnefndar við stjórn Sleipnis.

Vetrarstarfið.

Kynningarfundur á fyrirhuguðu vetrarstarfi Æskulýðsnefndar Sleipnis var haldinn í byrjun janúar í félagsheimili hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi, Hlíðskjálfi. Meðlimir Æskulýðsnefndar kynntu sig og farið var yfir fyrirhugaða dagskrá komandi vetrar. Fulltrúi frá Fræðslunefnd kom og kynnti námskeið sem voru í boði hjá þeim. Magnús Ólason, formaður Sleipnis, sagði frá styrk sem Jötunn vélar veita því ungmenni sem sýnir snyrtilega reiðmennsku og framkomu. Ágætis mæting var á fundinn sem lauk svo með pizzapartýi.

Reiðnámskeið.

Markmið námskeiða er að efla börn í hestamennskunni. Kenna þeim undirstöðuatriði í þjálfun, hvort sem það lýtur að keppnisbrautinni eða umhirða hestsins yfir höfuð. Við reynum að hafa námskeiðin okkar fjölbreytt þannig að við náum til sem flestra, bæði ungu kynslóðarinnar og þeirra sem eldri eru.

Boðið var upp á tvenns konar reiðnámskeið í upphafi vetrar, Almenn námskeið og keppnisnámskeið. Námskeiðin hófust 28. og 29. janúar og voru haldin einu sinni í viku í Reiðhöll Sleipnis. Kennt var á mánudögum frá kl. 17-22 og á þriðjudögum frá kl. 17-21.

Almenna námskeiðið.

Almenna námskeiðið stóð yfir í 8 vikur og var áhersla lögð á leiki og þrautir í bland við fræðslu. Kennari var Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir og var þátttakendum, 29 talsins, kennt í 4 hópum.

Á almenna námskeiðinu var farið í alskonar æfingar á hestinum, riðnar þrautir og kenndar léttar hlýðni- og fimiæfingar. Enduðu þessir tímar oft á eltingaleik eða öðru því sem nemendurnir vildu í það skipti. Nemendur á þriðja ári hestabrautar FSU tóku þátt í kennslunni í nokkrum tímum. Er það hluti af námi þeirra og þar sem Áslaug Fjóra er einnig kennari FSU vorum við svo heppin að fá þau með okkur í tímana. Var reiðhöllinni þá yfirleitt skipt í tvennt og hópunum skipt í minni hópa þar sem þau voru að kenna hestum sínum ýmsar æfingar.

Keppnisnámskeiðið.

Keppnisnámskeiðið var með breyttu sniði í ár, þar sem okkur fannst vanta kennslu úti á keppnisvelli, þar sem flest mótin fara jú fram. Eins vildum við að nemendurnir fengju meiri fræðslu á lögum og reglum sem gilda á mótum, t.d. bara það hvernig eigi að ríða í og úr braut, hvernig uppbygging prógramma er og hvað dómarar horfa helst á. Fyrsti tíminn á námskeiðinu var því bóklegur, þar sem kennari fór yfir helstu reglur í keppnum og hvað helst þarf að hafa í huga áður en haldið er í keppnisbrautina. Námskeiðið fór að hluta til fram inni í reiðhöll á mánudögum, þar sem nemendur voru 2-3 saman í hóp í 50 mínútur, en svo einnig úti á keppnisvelli á laugardögum. Þegar út var komið var nemendunum skipt upp þannig að

hver nemandi var einn inn á vellinum. Kennari var Ragnhildur Haraldsdóttir og þáttakendur voru 14.

Um miðjan apríl var boðið upp á framhald af báðum námskeiðunum, samtals 4 vikur. Fjöldi þátttakenda var 23 á almenna námskeiðinu og kennt var í 4 hópum frá kl. 17-21. Á keppisnámskeiðinu voru 7 nemendur og fór seinna námskeiðið fram úti á keppisvelli. Var um einkakennslu að ræða. Kennarar voru þeir sömu Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir með almenna námskeiðið og Ragnhildur Haraldsdóttir með keppisnámskeiðið.

Mót.

Æfingar vetrarins skila sér á keppisbrautina og eru Sleipnisfélagar dugleg að taka þátt í mótum, hvort sem um er að ræða vetrarmót, firmamót eða sameiginleg mót eins og Æska Suðurlands, Meistaradeild æskunnar og opin mót víðs vegar um landið.



Eins á Sleipnir nokkra knapa í unglina- og ungmennflokki, sem hafa verið að standa sig frábærlega á stóru mótunum og erum við ákaflega stolt af þeim.

Æska Suðurlands.

Hestamannafélögin á Suðurlandi héldu í vetur mótaröðina Æska suðurlands. Var um þrjú mót að ræða þar sem keppt var í tveimur-þremur greinum á hverju móti. Skiptust félögin á að halda þessi mót. Fyrsta mótið var haldið á Flúðum og var þar keppt í Smala og þrigangi, annað mótið var í Geysi þar sem keppt var í hindrunarstökki, fjórgangi og fimmgangi. Lokamótið var svo haldið 30 mars í Reiðhöll Sleipnis. Þar var keppt í tölta og gæðingarfimi.



Á lokamótinu var einnig veitt verðlaun fyrir sameiginlega sigurvegara eftir 3 greinar og eftir 5 greinar í hverjum aldursflokki fyrir sig.



Hugmyndin að þessari mótaröð er frábær og veitir krökkunum tækifæri til að keppa í fleiri en einni grein og annars staðar en bara á sínum heimavelli. Eins var hugsunin með fjölbreytileika greinanna sú að gefa þeim, sem ekki hafa mikinn áhuga á hinum almennu keppnisgreinum, færi á að keppa og um leið sýna fram á fjölbreytileika hestamennskunnar. Von er til að fleiri taki þátt í mótarröðinni að ári, þegar meiri reynsla og vitund meðal krakka á svæðinu er orðin um mótin.

Hestafjör.



Þessi hátíðisdagur var haldinn laugardaginn 11.maí en æfingar hófust tæpum hálfum mánuði fyrr. Haldnar voru 5 æfingar sem stóðu yfir í u.þ.b. 45 mínútur í senn og svo generalprufa kvöldið fyrir sýningu. Krakkarnir sem komu fram í Hestafjöri 2019 voru 30, á aldrinum 3ja ára upp í 20 ára og var börnum í nágranna Hestamannafélögunum Ljuf og Háfeta boðið að vera með. Kennari/þjálfari var Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir.



Sýningaratriðin á Hestafjöri eru margvísleg, í upphafi dagskrár er fánareid sem nemendur af Hestabraut FSu sjá um. Magnús Ólason, formaður Sleipnis, hélt stutt ávarp áður en dagskráin hófst. Svo rúlla atriðin hvert á fætur öðru, yngsti aldurshópurinn fyrst og svo koll af kolli, allir klæddir búningum af ýmsum toga. Fyrir hléi sýndu félagar úr línudanshópnum Dönsum á Selfossi línudans og hvöttu alla til að koma út á gólfið og dansa. Í hléinu voru seldar veitingar og rann innkoman til Æskulýðsnefndar. Töframaðurinn John tók við eftir hlé og vakti mikla lukku. 1 og 3 árs nemar úr FSu sýndu fimleika atriði annars vegar og fimi- og skrautreið hins vegar og lokaatriði Hestafjörsins var svo sýning Töltskvísa Sleipnis þar sem 40 Sleipniskonur sýndu tilkomumikla munsturreið.



Hestafjörinu lauk svo á og pylsupartý í boði Æskulýðsnefndar. Margir hjálpuðust að við að gera þennan dag sem skemmtilegastan; sýnendur, kennarar/þjálfarar, þulurinn, tæknimaðurinn, Æskulýðsnefnd o.fl. Skemmtilegur dagur og vel heppnaður í alla staði.

1.maí á Selfossi.



Hefð er fyrir því að Æskulýðsnefnd útvegi ríðandi fánabera sem fara fyrir 1. maí kröfugöngu verkalýðsfélaganna á Selfossi og bjóði síðan börnum á hestbak í Reiðhöll Sleipnis að loknu kaffisamsæti. Í þetta skipti voru fánaberarnir fimm og eins tók Malin Widarson í hestvagni sínum þátt í göngunni, sem er frá húsnaði verkalýðsfélaganna að Hótel Selfossi, þar sem ræðuhöld og kaffiveitingar fara fram. Við ákváðum að vera einnig með fána Landssambands Hestamannafélaga í göngunni, Íslenska hestinum til heiðurs, þar sem 1 maí er einnig dagur Íslenska hestsins.

Æskulýðsnefndin bauð síðan gestum að koma í Reiðhöll Sleipnis þar sem meðlimir nefndarinnar teymdu undir börnum frá kl. 12:30 - 14:30. Teymt var á 5 hestum í einu.

Vorhátíð.



Vorhátíðin Sleipniskrakka var haldin 28 maí. Börn og foreldrum, sem verið höfðu á námskeiðum í vetur var boðið í gleðskapinn og var fjölmennur hópur sem reið úr hlaði Sleipnismanna. Riðið var niður í Austurás, þar sem Ragnhildur og Loftur Breki tóku á móti hópnum. Þar var grillað og farið í leiki, auk þess sem þau sýndu okkur glæsilega aðstöðu sína. Mjög skemmtilegur og vel heppnaður dagur.



Óvissuferð.



Á uppstigningardag, 30 maí, var farið í hina árlegu Óvissuferð í yndislegu veðri. Lagt var af stað með rútu kl. 9:30 frá Hliðskjálfi á Selfossi og voru þátttakendur 45. Fyrsti viðkomustaður var að Kotströnd í Ölfusi, þar sem Áslaug Fjóra reiðkennari var heimsótt. Þar sýndi hún okkur aðstöðu sína og hestakost og bauð upp á veitingar.



Þaðan var haldið á Sunnuhvol þar sem þau hjónin Anna Björg og Sigurður búa ásamt börnum sínum, þeim Arnari Bjarka, Glódísi Rún, Védísi Huld og Árnýju Oddbjörgu tengdadóttur sinni. Þau sýndu okkur glæsilega aðstöðu sem þau eru búin að byggja sér, ásamt því að Glódís, Védís og Guðmar Þór, vinnumaður þeirra, sýndu okkur hvernig þau byrja upphitun á hestum sínum, fimíæfingar og grunnþjálfun. Hjá þeim grilluðum við hamborgara og áttum góða stund.

Næsti viðkomustaður var Raufarhólshellir. Þar sem við fengum klukkutíma leiðsögn um hellinn. Haldið var í sund í Þorlákshöfn og þaðan á Drauga- og Álfasetrið á Stokkseyri, þar sem líftóran var hrædd úr mannskapnum. Því næst var förinni heitið heim á leið.



Sameiginlegur fjölskyldureiðtúr Sleipnis.



Sleipnir, Ljúfur og Háfeti hafa farið í árlega fjölskyldu reiðtúra saman, en þar sem ansi fá börn eru orðið í Ljuf og Háfeta, þá ákváðum við að leita lengra eftir samstarfi um fjölskyldureiðtúr. Úr varð að við fórum með Hestamannafélaginu Smára á Flúðum. Hist var á Vorsabæ á

Skeiðum mánudaginn 10 júní, annan í Hvítasunnu, og fengum við frábært veður. Fjölmennur hópur mætti frá Sleipni og var mikil ánægja með ferðina, sem þó var ekki áfallalaus. Riðnir voru Þjósárþakkarnir, upp að Breiðanesi og svo yfir í Reykjarétt. Einhverjir misstu skeifur og hestar sluppu, en það var bara til að hafa frá meiru að segja ☺ Í réttinni var grillað og spjallað áður en haldin var heim á ný.



17. júní.



Á 17. júní hefur Æskulýðsnefnd Sleipnis séð um að teyma undir börnum í reiðhöllinni frá kl. 10-12 og að útvega fánabera fyrir skróðgönguna.



Teymingin er mjög vinsæll hjá börnunum og yfirleitt fullt út úr dyrum allan tímann. Að þessu sinni var teymt undir á 5 hestum.

Fjórir knapar voru glæsilegir fulltrúar Sleipnis í skróðgöngunni, ásamt því að Malin Widarson var á hestvagni sínum bæði í skróðgöngunni og eins bauð hún upp á hring kringum reiðhöllina þegar teymt var undir.



Styrkur Jötunvéla.

Jötunvélar á Selfossi veitir árlega ungling- eða ungmenni í hestamannafélaginu Sleipni sem sýnt hefur góða ástundun, framkomu, árangur og þátttöku í félags- og æskulýðsstarfi félagsins. Einnig er horft til framfara, aðstöðu til ástundunar hestamennskunnar og meðmæla frá æskulýðsnefnd.

Þessi styrkur er veittur í minningu Haraldar Páls Bjarkasonar, starfsmanns Jötunvéla og Sleipnisfélaga. Í ár hlaut Dagbjört Skúladóttir styrkinn.



Uppskeruhátíð.

Einn viðburður er enn eftir á þessu starfsári en það er Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar Sleipnis. Þar eru veitt viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku á námskeiðum vetrarins, komið saman, spjallað, borðað og haft gaman.

Til viðbótar við ofangreind verkefni sáu meðlimir Æskulýðsnefndar reglulega um að telja flöskur sem safnað er í dósagáma í hesthúsahverfinu og voru með veitingasölu á folaldasýningu Flóahrepps.

Að lokum.

Gott starf æskulýðsnefndar í hverju félagi er nauðsynleg, því krakkarnir eru framtíð félagsins. Sleipnir hefur stutt vel við æskulýðsnefndina með hvers lags nýjungum sem við höfum beðið um til að bæta starfið. Í vor var keypt talstöð sem auðveldar kennara að hafa samband beint við nemendur t.d. á keppnisnámskeiðum úti á velli. Auðveldar þetta kennsluna til muna og getur kennarinn haft allt að þrjá nemendur tengda við sína talstöð í einu.

Mikill áhugi er meðal barna og unglinga í félaginu sem við reynum eftir bestu getu að efla og halda í starfinu. Til þess þurfum við að hafa fjölbreytt námskeið og tilboð sem henta sem breiðustum hópi. Eins vitum við það að keppnismennskan er harður heimur fyrir þá sem ekki eru nógu vel hestaðir og höfum við því hugsað okkur að bjóða upp á fjölberytt námskeið í vetur sem kynnir hinar ýmsu hliðar hestamennskunnar og tengir einnig við greinar sem keppt er í á mótaröðinni Æska suðurlands. Eru þetta greinar eins og fimi í allri sinni mynd, hindrunarstökk og smali. Auk þess sem hugmyndin er að bjóða upp á sætisæfingar og þrautir á hestum, grunnkennslu í hlýðniæfingum og að sjálfsögðu skemmtilegum ferðum í góðum félagsskap. Til að ná til yngstu kynslóðarinnar er hugmyndin að hafa reglulega pollastundir, tengdar mótum félagsins, þar sem boðið er upp á þrautabraut og reiðleiðir sem henta hverju getustigi fyrir sig.

Við þökkum fyrir starfið á árinu 2019 og hlökkum til starfsins á nýju ári, sem verður án efa skemmtilegt og fjölbreytt. Ljóst er að framtíð hestamennskunnar er björt.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Sleipnis, Guðrún Linda Björgvinsdóttir.

